

Sp.

510. Nefndarálit

[177. mál]

um till. til þál. um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafssamningi.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd hefur haldið fund um tillögu þá um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafssamningi, er vísað var til nefndarinnar.

Nefndin varð ekki á eitt sátt um málið. Meiri hl. (ÁÁ, GTh, JóhH, ÓTh) lítur svo á, að samningur sá, sem hér liggur fyrir, sé í algeru samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar sem einungis sé um það að ræða, að aðilarnir bindist þeim samtökum, sem ráð er fyrir gert í 51. gr. þess sáttmála til þess að verjast árásum meðan Öryggisráðið getur ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hnekkja yfiringi árásríkis. Telur nefndin, að Íslandi beri tvímælalaust að skipa sér í flokk með þeim ríkjum, er hefta vilja slíkar árásir, ef ekki fylgja því óeðlilegar skuldbindingar fyrir landið.

Nefndin lítur svo á, að ljóst sé af 3., 5. og 9. gr. samningsins, að hver aðili hans hafi sjálfur úrskurðarvald um það, hver framlög hans verði, ef til kemur. Í samningnum felst ekkert, sem skyldi neinn samningsaðila til að hafa erlendan her eða herstöðvar í landi sínu á friðartímum, enda hefur því verið lýst yfir af hálfu Íslendinga svo sem fleiri samningsaðila, að þeir muni ekki samþykkja slíkt. Þá er nefndin og þeirrar skoðunar, að trygging sé fengin fyrir því, að sérstaða Íslands sé öllum samningsaðilum ljós og að hún muni virt í þeim samtökum, sem hér er um að ræða. Sú sérstaða er á þá leið, að Íslendingar eru vopnlaus þjóð og munu eigi stofna her og því ekki segja nokkurri þjóð stríð á hendur.

Að þessu athuguðu leggur meiri hl. nefndarinnar til, að Alþingi samþykki tillögu þá, sem hér liggur fyrir, óbreytta.

Alþingi, 29. marz 1949.

Ólafur Thors,
form., frsm.

Ásg. Ásgeirsson,
fundaskrifari.

Gunnar Thoroddsen.

Jóhann Hafstein.